

Vinnufundur

Ferðamálafélags Austur-Skaftafellssýslu

um stöðu ferðaþjónustunnar á svæðinu
í ljósi COVID-19 og viðhorf ferðaþjónustuaðila til
næstu mánaða

Samantekt á niðurstöðum umræðna

Ritstjórn: Sandra Björg Stefánsdóttir

Nýheimar Þekkingarsetur

27. október 2020



Efnisyfirlit

Aðdragandi fundar	3
Framkvæmd fundar	3
Vert að hafa í huga við greiningu á gögnum	4
Fundargerðir	5
Hópur 1	5
Hópur 2	6
Hópur 3	9
Viðaukar	16
Spurningalisti vinnufundaris	16
Fyrsta fundarboð á vinnufund	17
Upplýsingar til þátttakenda	18
Upplýsingar um innskráningu á fund	19

Aðdragandi fundar

Í september mánuði 2020 hafði Ferðamálafélag Austur-Skaftafellssýslu (FASK) samband við Nýheima Þekkingarsetur og óskaði eftir þjónustu setursins vegna framkvæmdar vinnufundar með ferðaþjónustufyrirtækjum í sveitarfélaginu. Boðað var til fundarins vegna þeirrar stöðu sem upp er komin útaf COVID-19 faraldrinum. Sveitarfélagið Hornafjörður styrkti verkefnið og fjármagnaði vinnu verkefnastjóra setursins.

Fljótlega var ákveðið að skipta vinnunni í tvo hluta. Annars vegar að senda út spurningakönnun til ferðaþjónustuaðila þar sem þeir voru beðnir um að svara spurningum nafnlaust um stöðu fyrirtækjanna í dag með tilliti til reksturs þeirra og hins vegar boða til vinnufundar þar sem hugmyndir ferðaþjónustuaðilanna um framtíðina yrðu ræddar.

Spurningakönnunin var send út í lok september 2020 og var hún opin í 7 daga. Niðurstöðum spurningakönnunarinnar hefur nú þegar verið gert skil í greinargerð sem gefin var út þann 16. október 2020 af Nýheimum Þekkingarsetri.

Í byrjun október herjaði hin svokallaða Þriðja bylgja COVID-19 á landið og því voru sóttvarnareglur hertar til muna og ljóst að ekki var unnt að halda vinnufund með því móti sem upphaflega var ráðgert. Brugðið var á það ráð að halda fundin á veraldarvefnum í gegnum samskiptaforritið Teams. Fundurinn var haldinn 22. október 2020. Stjórn FASK sá að öllu leyti um hönnun spurningalista og markaðssetningu fundarins en verkefnastjóri Nýheima Þekkingarsetur hélt utan um skipulagningu fundarins.

Framkvæmd fundar

Fundarboð var sent út til ferðaþjónustuaðila í Sveitarfélaginu Hornafirði, eða 107 mismunandi aðila, föstudaginn 16. október. Stjórn FASK sendi út fundarboðið og kynnti þar um leið spurningarnar sem lagðar voru fyrir á vinnufundinum. Þátttakendur voru beðnir um að staðfesta þátttöku fyrir miðvikudaginn 21. október.

Skráðir voru 16 þátttakendur og þeim var skipt niður í 3 hópa með 4-5 þátttakendum. Engin sameiginleg erindi voru í boði fyrir alla þátttakendur og þeim því sent fundarboð beint á vinnufundinn. Þátttakendum var skipt niður í hópa með það fyrir augum að bakgrunnur þátttakenda í hverjum hópi væri sem fjölbreyttastur. Var þá bæði tekið tillit til tegundar þeirrar ferðaþjónustu sem stunduð var, sem og kyns þátttakenda.

Reynt var eftir fremsta megni að fá utanaðkomandi aðila til að halda utan um fundarstjórn en þegar á hólminn var komið reyndist einn meðlimur stjórnar FASK þurfa að taka að sér að vera hópstjóri ásamt tveimur öðrum utanaðkomandi aðilum.

Vinnufundurinn hófst stundvíslega kl.13.30 og lagðar voru 3 spurningar fyrir þátttakendur. Eins og áður hefur komið fram sá stjórn FASK um hönnun spurningalistans og voru áætlaðar 30 mínútur í umræðu fyrir hverja spurningu. Spurningalista má sjá í viðauka.

Bakgrunnur þátttakenda var eftirfarandi:

- 5 úr afþreyingu (þar af var 1 hópstjóri)
- 4 úr gistingu
- 4 úr bæjarráði
- 2 starfsmenn Sveitarfélagsins Hornafjarðar (þar af var 1 hópstjóri)
- 1 starfsmaður Vatnajökulsþjóðgarðs (var hópstjóri)

Hópstjórar voru eftirfarandi:

- Ágúst Elvarsson; starfsmaður Jökulsárlóns og meðstjórnandi í stjórn FASK
- Árdís Erna Halldórsdóttir; atvinnu-og ferðamálafulltrúi hjá Sveitarfélaginu Hornafirði
- Steinunn Hödd Harðardóttir; Þjóðgarðsvörður Vatnajökulsþjóðgarðs á suðursvæði

Vert að hafa í huga við greiningu á gögnum

Þegar fundargerðir frá vinnufundi eru greindar er rétt að hafa bakgrunn þátttakenda í huga en eins og áður hefur komið fram komu 9 þátttakendur á fundinn frá ferðapjónustunni og 7 þátttakendur annarstaðar frá, þar af 4 frá bæjarráði. Þá er einnig rétt að benda á að enginn ferðapjónustuaðili frá veitingageiranum mætti á vinnufundinn.

Þá eru allar líkur á að fundur bæjarstjóra með afþreyingarferðapjónustuaðilum í Öræfum, sem skipulagður hafði verið á sama tíma, hafi haft áhrif á mætingu á vinnufund FASK.

Fundargerðir

Hópur 1

Hópstjóri og fundarritari: Ágúst Elvarsson

1. Spurning.

Hvað hafið þið sem einstaklingar og fyrirtækjaeigendur reynt að gera til að tryggja afkomu ykkar fyrirtækis og framtíðarstörf ?

Fyrirtækin hafa öll nýtt sér úrræði stjórnvalda, að einhverju leiti. Svo sem hlutabótaleið, það helsta sem þau hafa gert er:

- Hlutabótaleið
- Ráðið færri starfsfólk
- Nýtt styrki í markaðsmálum
- Frestanir á lánaþreigslum

Hvað er hægt að gera:

Hlutverk sveitarfélagsins er að fá hjól atvinnulífisins til að snúast og eiga samtal við aðila í ferðaþjónustu. Margt hægt að gera en þó er mikið tekjufall hjá sveitarfélaginu.

Halda þarf uppi menningu í sveitarfélaginu og passa að hún verði ekki undir þegar það er mikil þörf á menningu.

Óvissa er mikil og erfitt að gera áætlanir sem standast. Gott að það sé eitthvað gert til að hjálpa til í núinu en frestun á því að borga kemur í bakið á fólki seinna, það kemur alltaf að skuldadögum.

Þarf að halda áfram á sömu braut, hefur verið mikil samstaða í greininni innan sveitarfélagsins í gegnum árin.

Þó þarf að fá fleiri að borðinu til að sem flestir hagsmunaaðilar hafi rödd, styrkurinn býr í fjöldanum. Það er of mikið sama fólkið sem á samtalið hér gæti t.d. FASK komið sterkt inn.

Skoða vel hvort einhverjar brotalamir séu á starfsmanna málum hjá einhverjum fyrirtækjum sbr. könnun sem gerð var af háskólasetrinu.

Æskilegt væri að framlengja þau úrræði sem hafa verið í gangi undanfarið t.d. hlutabótaleið.

2. Spurning

Hvað teljið þið að opinberir aðilar svo sem Ríki, Sveitarfélög og aðrar ríkisstofnanir geti gert til að aðstoða ykkar rekstur í gegnum erfiðleikana sem nú steðja að ?

Sveitarfélagið er vel statt og hefur greitt niður skuldir undanfarin ár, Sveitarfélagið ætti að taka lán til þess að framkvæmdir og annað hreinlega stöðvist ekki.

Sveitarfélagið þarf einnig að vera reiðubúið þegar allt byrjar að „rúlla“ aftur og vera tilbúin með skipulag sem varðar ferðaþjónustu og uppbyggingu sem fyrirhuguð er með tilliti til ferðaþjónustu á svæðinu.

Passa þarf að allar boðleiðir séu opnar og að stjórnvöld eigi gott og heilbriggt samtal við hlutaðeigandi aðila.

Hægt væri að bjóða stjórnendum upp á að fara á ýmis námskeið sem varðar rekstur fyrirtækja. FASK og stéttarfélagin gætu komið að þessu.

Mikilvægt er að sveitarfélagið haldi áfram að styðja við Ríki Vatnajökuls. Þó það séu ekki allir ferðaþjónustuaðilar félagsmenn í Ríki Vatnajökuls þá er það allt svæðið og greinin innan þess sem nýtur góðs af Ríki Vatnajökuls.

Hér var tekin 5 mínútna pása, í kjölfarið sköpuðust smá umræður um úthlutun á sætum til fyrirtækja í Jöklaferðum á svæðinu, af hverju þjóðgarðurinn hafi ákveðið að úthluta þessu svona og sú óánægja sem ríkir með að fyrirtæki sem hafa ekki verið að stunda jöklaferðir á ákveðnum svæðum t.d. á Breiðamerkurjökli hafi fengið flestum sætum úthlutað á kostnað „heima“ fyrirtækjanna.

3. Spurning

Hvað teljið þið að aðrir, svo sem tryggingarfélag, bankar, veitustofnanir o.s.frv. geti gert til að aðstoða ykkar rekstur í gegnum erfiðleikana sem nú steðja að ?

Tryggingarfélagin hafa ekkert gert til að koma til móts við fyrirtækin þau ættu að endurskoða sín mál og e.t.v. fella eitthvað niður og gefa fresti. Þetta kemur þó alltaf niður á sama stað, það kemur að skuldardögum. Þau þurfa að endurskoða hlutina og óeðlilegt er að borga sama verð fyrir tryggingar á 98 módel af bíl og glænýjum bíl.

Lánastofnanir og aðrir kröfuhafar ættu að passa að ganga ekki það hart að ferðapjónustu fyrirtækjum að það gangi að þeim dauðum. Ef það er gert fær enginn neitt og allir tapa.

Það þarf líka að hugsa um heimilin í landinu, á bakvið öll þessi fyrirtæki eru heimili og mætti t.a.m. lækka rafmagnsreikninga tímabundið til bæði heimil og fyrirtækja.

Í sambandi við breytingar hjá þjóðgarðinum er e.t.v. ekki æskilegt að koma með aðþrengjandi breytingar fyrir fyrirtækin akkúrat núna.

Fundi slitið 15:06

Samantekt

Ríki Sveitarfélag og aðrar stofnanir þurf að halda áfram þeim úrræðum sem í boði hafa verið hingað til. Varðandi nýjar leiðir þarf að passa að það dugir skammt að gera annað en að fresta greiðslum á hinum og þessum gjöldum það kemur alltaf að skuldadögum. Í þessu ljósi þarf að passa að ólin sé ekki hert um of þegar hlutirnir fara aftur til betra horfs.

Stofnanir bæði ríkis og sveitarfélags þurfa að eiga samtal við fyrirtækin og aðra hagsmunaaðila.

Fyrirtækin í ferðapjónustu á svæðinu þurfa að standa saman og tala saman til að tryggja að hagsmunir allra séu hafðir að leiðarljósi.

Hópur 2

Hópstjóri og fundarritari: Árdís Erna Halldórsdóttir

1. Hvað hafið þið sem einstaklingar og fyrirtækjaeigendur reynt að gera til að tryggja afkomu ykkar fyrirtækis og framtíðarstörf ?

- a. Hvað er hægt að gera ?
- b. Í svörum við spurningakönnun sem lögð var fyrir ferðapjónustuaðila í aðdraganda þessa fundar var minnst á að auka gæði þjónustu á svæðinu og auka á samstarf og samstöðu.
 - i. Hvað felst í því, hvernig er það gert, hver á að gera það.
 - ii. Hvernig verðum við sterkari sem heild ?

A.

Við höfum stundað áfram okkar markaðsstarf því að einn daginn lýkur faraldrinum og þá er mikilvægt að vera tilbúin til að taka á móti ferðamönnum.

Við sáum fram á að veturinn væri í mikilli óvissu og ákváðum að loka fyrir starfseminu út veturinn og snúa okkur að öðrum störfum fram á vorið. Það var auðvelt með okkar fyrirtæki og næg önnur verkefni fyrir okkur að vinna. Opið er fyrir bókanir fyrir sumarið og eru þær að tynast inn hægt og rólega.

Við fórum í vörupróun og settum af stað nýja afþreyingarmöguleika á jökli í sumar. Erum núna að skoða samstarf við fleiri aðila austan við okkur um að búa til skíðaafþreyingu fyrir skólahópa. Þetta eru vörur sem við horfum á að bjóða upp á til framtíðar.

Erum með lokað á íshellaferðir, en beinum bókunum sem berast okkur til annarra starfandi aðila. Höldum áfram hefðbundnu markaðsstarfi á samfélagsmiðlum. Það er nóg að gera fyrir starfsmennina og höfum ekki þurft að segja neinum upp, mikið að gera í viðhaldi tækja o.s.frv. Verktakavinna hefur hinsvegar dregist saman og að sjálfsgöðu tekjurnar líka. Höfum verið að endurskipuleggja tækjakostinn okkar, kaupa og selja tæki o.s.frv. Nýta „vinnufriðinn“ sem er núna til að staðar til að endurskipuleggja og hagræða.

Hugleiðingar hópstjóra: Hagræðing, vörupróun og samvinna var rauði þráðurinn í þessari umræðu. Fyrirtæki eru vissulega misjafnlega stödd, en þau sem hafa verið lengi í atvinnugreininni sjá tækifæri í þessari „pásu“ til að draga aðeins andann og gefa mörgum þáttum gaum sem hafa setið lengi á hakanum. Það var samt ljóst að þeim þótti nokkuð erfitt gagnvart öðrum að tala um að ástandið væri að mörgu leyti kærkomið, svo lengi sem það er tímabundið að sjálfsgöðu. Það var farið á mjög varkáran hátt út í þá umræðu.

B.

Okkur vantar meiri samstöðu til að geta spornað við stóru aðilunum sem geta í krafti stærðar sinnar kaffært litla markaðinn heima fyrir. Með því að standa saman stöndum við sterkari gagnvart stóru aðilunum. Búa til eitt „samlag“ sem getur sinnt viðspyrnunni.

Annar þátttakandi bendir á að hér séu til batterí til að vinna með, FASK og Ríki Vatnajökuls, og því þurfi ekki að búa til nýjan vettvang. „Ég sé ekki að orkan okkar eigi að fara í að berjast með kjafti og klóm á móti þeim stærri, en við eigum að sýna og sanna að við erum betri. Við eigum að standa þétt við bakið á framvarðasveitinni í þessum félögum sem við höfum og vinna sameiginlega að því að styrkja þessi félög.“

Talið barst að Vatnajökulspjóðgarði sem nær yfir stóran hluta Sveitarfélagsins Hornafjarðar, og ekki síst atvinnusvæði ferðaþjónustunnar: „Vatnajökulspjóðgarður er mjög stór hérna og það er mikilvægt að vinna vel með þeim starfsmönnum sem starfa hér á svæðinu.“

Markaðsstarf

Til langs tíma var svo mikil aðsókn hérna að það seldist allt án þess að þyrfti að hafa mikið fyrir því. Spurning hvort það hafi ekki komið niður á gæðamálum. Ástandið í dag er gott spark í rassinn á okkur til að endurhugsa stöðuna og gera betur. Auka gæðin. Þetta opnaði líka á nýjan markað, Íslendingana, og við þurfum virkilega að hugsa um þá til framtíðar.

Samstarf

Leiðir til frekari samstarfs er t.d. að gista staðir hvetji gesti til að bóka í 2-3 nætur og nýta sér afþreyingu á svæðinu í leiðinni. Gæti t.d. verið fast í svarpósti frá gistaðilum að hvetja til þess.

Gæðamál

Við þurfum að vera dugleg að markaðssetja heimafyrirtækin mjög vel og benda á að það sé aukin þjónusta og gæði í heimafyrirtækjunum. Aukið samstarf heimamanna á öllum sviðum eykur gæði. Setja markið hátt.

2. Hvað teljið þið að opinberir aðilar svo sem Ríki, Sveitarfélög og aðrar ríkisstofnanir geti gert til að aðstoða ykkar rekstur í gegnum erfiðleikana sem nú steðja að ?

- a. *Hvað þarf að breytast ?*
- b. *Hvað hefur nýst ykkur sem stjórnvöld hafa boðið upp á ?*
- c. *Hvað finnst ykkur að vel hafi verið gert ?*
- d. *Hvað finnst ykkur að mætti gera betur ?*
- e. *Hvað má gera meira af ?*
- f. *Hvað má gera öðruvísi ?*
- g. *Hvað má gera nýtt ?*

Ríkið – bauð upp á lán á hræðilegum kjörum, vonandi tók það enginn. Ríkið er fyrst núna að koma inn með spil fyrir minni fyrirtækin.

Ríkið ætti skilyrðislaust að veita fyrirtækjum beinan fjárstyrk, t.d. í hlutfalli við tekjur síðustu ára.

Að festa gengið í a.m.k. fimm ár á ákjósanlegum stað, t.d. í kringum 170 kr. pr Evru. Íslenska krónan er okkar blessun.

Lengja í hlutabótaleiðinni. Einnig lagt til að mætti nýta starfsmennina 100% þó að fyrirtækið greiði eingöngu hluta af laununum. Bent á að tryggingagjaldið sem fyrirtækin greiða séu nýtt í þessi úrræði og það á að skila sér til fyrirtækjanna aftur.

Miðað við núverandi frumvarp fyrir litlu fyrirtækin er gert ráð fyrir styrk fyrir fyrirtæki fyrir max 3 starfsmenn, en þegar eru 4 starfsmenn þá eru eingöngu lán í boði, þrátt fyrir að þau séu enn mjög lítil. Það þarf að draga línuna á milli lítilla og stórra fyrirtækja, en það má færa það hærra. Það væri líka mjög gott að fá aukin lán, en þau þurfa að vera á þannig kjörum að greiðslubyrðin setji fyrirtækin ekki á hausinn. Afborganirnar þurfa að dreifast á lengra tímabil. FASK hefur reiknað þetta út m.v. lánin sem voru í boði í vor og dæmið gekk alls ekki upp m.v. afborganirnar.

Sveitarfélögin – fasteignagjöldin eru mjög há og erfitt fyrir marga að greiða af þeim. Sveitarfélögin eiga að setja miklu meiri pening í markaðsmál og bæta í starfsemi í atvinnu- og ferðamálum. Það ætti að koma inn annar starfsmaður með ferðamálafulltrúa því það er sannarlega í mörg horn að líta og mikil ástæða til að gefa í. Einnig ætti að gefa því starfi meira vægi. Meirihluti aðila sammála um að sveitarfélagið sé stærsti gestgjafinn og á að vera leiðandi í uppbyggingu innviða og markaðssetningu.

Umræða um vöntun á afþreyingu á Höfn og orðið mjög aðkallandi að sveitarfélagið leggi ofurkapp á að opna aftur sýningar og söfn. Það er búið og gert þegar þeim var lokað, en nú þarf að horfa fram á veginn og huga aftur en endurbyggingu þeirra. Áhersla lögð á að horfa í okkar sérstöðu og byggja afþreyinguna upp á því í stað þess að opna safn sem er að finna í öðrum hverjum bæ um landið.

Margar hugmyndir spruttu upp: Byggðasagan, ströndin og kortlagning hennar (Kvísker) o.fl. sem við getum vel byggt á því. Öraefin geyma ótrúlega sögu, sláturhúsið hjá þeim o.s.frv. Tæknin er líka orðin svo ótrúleg og hægt að gera nánast allt. Selveiði, fjarskiptamál, náttúran.

Aðgerðir – hleypa lífi í menningarmálin!

Ramma sýningar- og safnamálin vel inn og horfa í styrkjamöguleika.

Aðrar ríkisstofnanir - Hér voru allir þátttakendur lens.

3. Hvað teljið þið að aðrir, svo sem tryggingarfélag, bankar, veitustofnanir o.s.frv. geti gert til að aðstoða ykkar rekstur í gegnum erfiðleikana sem nú steðja að ?

Tryggingafélagin hafa staðið sig mjög vel og höfðu samband við fyrirtæki að fyrra bragði. Þau voru með ýmsar lausnir til að draga niður í kostnaði. Það er hinsvegar minna að fréttu af aðgerðum bankanna.

Annað fyrirtæki hafði góða sögu að segja af bankanum, hann hafði samband við fyrirtækið og var tilbúinn til að koma til móts við fyrirtækið.

Veitustofnanir – „Rarik má eiga þessa hitaveitu sína sjálfir, alltof dýrt fyrir fyrirtæki í dreifbýlinu.“ Það er líka vantrú á hversu lengi þetta heita vatn í borholunum kemur til með að duga.

Olúfyrirtækin – brugðust við að fyrra bragði enda eru mörg ferðaþjónustufyrirtæki stórir kúnnar.

Annars höfðu ferðaþjónustufyrirtækin ekki mjög mikið um þessa spurningu að segja.

Bent á að það geta alltaf komið upp erfiðir tímar í rekstri, en þá má ekki gleyma að það birtir til að nýju. Ein aðilinn er/hefur verið í annarskonar rekstri sem hefur gengið mjög mis vel eftir tímabilum...og það kom enginn bjargvættur hlaupandi þegar illa áraði.

Aðilar eru nokkuð vissir um að það verði mikið seinna en áður var talið sem ferðaþjónustan kemst á skrið aftur, mögulega vor/sumar 2022. Þar spili inn í ferðagetan (fjárhagslega) og ferðaviljinn sem þurfi líka sinn tíma til að komast af stað þrátt fyrir að löndin opnist.

Fjarfundur – aðilar voru sammála um að við megum vera miklu duglegri að bjóða upp á fundi í gegnum Teams og eigum að gera það áfram eftir covid. Hentar mörgum miklu betur m.t.t. til tíma, kostnaðar og annarra þæginda. Aðilar sammála um að nenna frekar á fjarfundi en að fara út úr húsi t.d. ef fundir eru skipulagðir á kvöldin.

Hópur 3

Hópstjóri og fundarritari: Steinunn Hödd Harðardóttir

1. Hvað hafið þið sem einstaklingar og fyrirtækjaeigendur reynt að gera til að tryggja afkomu ykkar fyrirtækis og framtíðarstörf ?

- a. Hvað er hægt að gera ?
- b. Í svörum við spurningakönnun sem lögð var fyrir ferðaþjónustuaðila í aðdraganda þessa fundar var minnst á að auka gæði þjónustu á svæðinu og auka á samstarf og samstöðu.
 - i. Hvað felst í því, hvernig er það gert, hver á að gera það.
 - ii. Hvernig verðum við sterkari sem heild ?

1A:

Snemma í vor fórum við að segja upp til þess að draga úr kostnaði, tókum bíla af númerum og sögðum upp samningum sem ekki þurfti að nota þegar lítill rekstur er í gangi. Fórum líka í markaðsgreiningu, hvaðan koma bókanir, hvenær bókanir koma inn og í hvaða ferðir til að átta okkur á því hvenær við ættum að auglýsa fyrir ákveðna markhópa (stórir hópar, Evrópa, USA, Asía) og mismunandi hvenær við höfðum til þeirra með auglýsingum. Samhliða því gerðum við nýja rekstraráætlun sem við fórum

yfir og settum upp nýtt módel fyrir reksturinn og hvað við þyrftum að hafa marga starfsmenn á mismunandi tíma árs. Síðan höfum við farið í þetta hefðbundna viðhald á bílum og lagfæringar á húsnæði. Sömdum við bankann eins og öllum bauðst og frystum lán. Þetta er það helsta sem við gerðum til að gera eitthvað, við fórum í líka í nýsköpun. Buðum upp á göngur um Nautastíginn, reynum að höfða til hópa. Erum búin að vera að gera upp hlöðuna til þess að geta tekið á móti hópum. Erum að fá skólahóp frá USA að gera rannsóknir o.fl. erum að fara yfir heimasíðuna okkar og hvernig við getum gert hana betri. Ekki mikið að gera núna, en maður reynir að gera eitthvað og skapa eitthvað. Maður hefur velt fyrir sér námskeiðum og að læra eitthvað nýtt sem maður hefur ekki haft tíma til að gera. Og koma þá sterkari til baka fyrir fyrirtækið og samfélagið.

Við byrjuðum á því að frysta lán og fara í endurskoðun á rekstraráætlun með það að markmiði að mögulega freista þess að endurfjármagna lánin. Erum með há lán og háa vexti. En það hefur ekki gengið í gegn ennþá, því það kom í ljós að það er ekki nema 1/3 af húseignum hérna skráð sem fasteign í fasteignamat, svo það þýðir lægri fasteignagiöld hjá SvH, en á móti erum við að borga tryggingar, eins og smíðatryggingar. Síðan fórum við í að skoða rafmagnsreikninginn og tryggingar og notuðum tækifærið til að skoða hvar mætti gera betur á því. Það skilaði umtalsverðum ábata. Við vorum nýbúin að gera heimasíðu, afmælisgjöfin í tilefni 35 ára starfi, við snöruðum henni yfir á íslensku þegar það var ljóst að það þyrfti. Við nýttum okkur hlutabótaleiðina, við vorum blessunarlega ekki með marga starfsmenn, við höfðum bara ráðið okkar fólk hér og vorum þar af leiðandi ekki með starfsmenn sem þurfti að senda heim. Sumir starfsmenn hurfu til sinna fyrri starfa. Búið að segja öllum upp. Ég er bara atvinnulaus, og skammast mín ekkert fyrir það.

Við erum búin að frysta lán og hætta við ráðningar. Viðhaldið var alveg skrufað niður og reynt að eyða sem minnstu. Við þurftum aðeins að ráða í sumar þegar gestir komu. Við nýttum hlutabótaleiðina, og búið að segja öllum upp nema hóteltjóranum sem er í hlutastarfi og heldur utan um bókanir. Við erum að skoða hvort við getum endurfjármagnað, verið að skoða hvort það er góð leið. Frestað gjalddögum og fryst eins og hægt er.

Nýsköpun að höfða til samfélagsins. Höfða til Íslendingana.

1B:

Auka gæði? ég ímynda mér að ferðamálafélagið sé skref í rétta átt að auka samstarf og samstöðu.

Samningar sem þjóðgarðurinn er að gera við aðila, að fara inn í Vakann, það er kjörið tímabil fyrir fyrirtækin að fjárfesta í þeirri vinnu. Mikið sem menn geta gert sjálfir og það fer vinna í að skrifa upp verkferla og yfirfara þá, á meðan maður er ekki að gera annað. Varðandi samvinnuna, t.d. að búa til pakka fyrir hópa og verið þá í samstarfi við aðila á Hala og inni á Höfn með gistingu og annað. Núna í vetur vorum við líka búin að setja á samstarf með Pakkhúsinu á Höfn, útbúa mat sem yrði borðaður í hlöðunni hjá okkur. Og ef fólk vill fara út í sameiningar og eitthvað svoleiðis, þá er það eitthvað sem vert er að skoða. Mörg fyrirtæki eru lítil, og það er erfitt að halda úti starfsemi í samkeppni við stóra aðila sem njóta góðs af rekstrarhagræðingu. Gott skref ef fólk stendur saman og styður hvort annað.

Við erum í tvígang búin að ganga skrefið í svona vottun. Fengum Green globe vottun, og svo breyttist umhverfið og það var orðið dýrt fyrir ekki mikinn markaðslegan ávinning. Sama með Vakann, við vorum búin að fara í gegnum allt það ferli, og sú þekking er til og allt sem maður gerði í því, það er allt til. En síðan var það einkavætt, úttektin á því einkavædd og þar með var það eins og með Green globe, úttektin á því fór fram úr öllu hófi og við hættem þar. Miðað við ávinninginn. Vinnan sem við lögðum í, við hljótum að búa að henni þó við séum ekki tekin út reglulega. Ég barðist lengi fyrir því og er enn þeirrar skoðunar að við eigum að vinna að því að allir þessir úttektaraðilar sem koma til okkar í dag, heilbrigðis-, eldvarnar- og vinnueftirlit. Eftir að þeir koma á svæðið ætti að maður á fá úttekt hjá Vakanum, það þarf ekki að búa til sér bákn um það. Austur-Skaftafellssýsla hefur verið þekkt fyrir góða

samvinnu, út í frá. Innan frá erum við að berjast við þá ímynd að það sé ekki samstaða. Samstaðan hefur verið meiri en íbúar upplifa. Við þurfum að vanda okkur varðandi verðmál, það örlar á of mikilli verðsamkeppni. Verðum að passa okkur að setja okkur ekki á útsölu.

Sammála, við vorum komin of neðarlega í verði. Varðandi gæðin, held að gæðin aukist í íshellunum með samningum við Vatnajökulsþjóðgarð. Getur ferðamálafélagið búið sér til einhvern gæðastuðul innan sýslunnar?

Við höfum rætt þetta. Fyrir næsta aðalfund munum við óska eftir félagsmönnum sem eru að fara í úttekt á Vakanum, og að við myndum reyna að sameina og reyna að semja við eitt fyrirtæki fyrir okkur öll og lækkað þannig kostnaðinn. Íshellar: þessi vottun skiptir máli fyrir öryggið. Ekki gefa afslátt á örygginu. Gott að vera með ramma, sem tryggir rekstraröryggi og öryggi gesta.

Ég hefði viljað auka samvinnu á milli gístaðila.

Má þrýsta á ferðamálastofu? Ef menn ætla að ná árangri í þessu þá verður fólk að halda kostnaðinum niðri. Þrýsta á yfirvöld að halda kostnaðinum niðri. Þrýsta á að gistináttaskatturinn verði ekki tekinn upp aftur.

Stærri fyrirtæki sem hafa kannski 100-200 starfsmenn, séu að borga meira og láta þá litlu fyrirtækin borga hlutfallslega minna, til að einfalda þessum minni fyrirtækjum að starfa en taka samt þátt í gæðastarfinu. Að það sé einhver smá hliðrun eða stuðningur til þess að hjálpa.

Hvernig verðum við sterkari sem heild?

T.d. að bjóða þetta út saman og fá lægra verð. Gott að búa til svona grúppur, þá eru menn að styrkja hvorn annan.

Samstaðan, og jákvæðni í kringum greinina hefur jákvæð áhrif út á við. Fólk finnst gaman, áhugavert, fróðlegt og skemmtilegt að koma til okkar. Það getur gert okkur sterkari sem heild til lengri tíma litið.

Eitt sem ég hef skynjað í gegnum tíðina, það er sterkara þegar við temjum okkur það að tala jákvætt um samkeppnisaðilann og vísa á samkeppnisaðilann í staðin fyrir að vera í blóðugu stríði. Menn eru alltaf í ákveðinni samkeppni. Við höfum bara eitt svar við samkeppni, hafðu bara þína þjónustu góða. Bjóddu áhugaverða þjónustu og hafðu gæðin í lagi hjá þér, þú græðir ekkert á því að hnýta í samkeppnisaðilann, en þú græðir á því að láta fólk upplifa að þú vinnir með samkeppnisaðilanum.

Vera ekki að undirbjóða hvert annað.

- 2. Hvað teljið þið að opinberir aðilar svo sem Ríki, Sveitarfélög og aðrar ríkisstofnanir geti gert til að aðstoða ykkar rekstur í gegnum erfiðleikana sem nú steðja að ?**
 - a. Hvað þarf að breytast ?**
 - b. Hvað hefur nýst ykkur sem stjórnvöld hafa boðið upp á ?**
 - c. Hvað finnst ykkur að vel hafi verið gert ?**
 - d. Hvað finnst ykkur að mætti gera betur ?**
 - e. Hvað má gera meira af ?**
 - f. Hvað má gera öðruvísi ?**
 - g. Hvað má gera nýtt ?**

Ef ég hugsa bara út frá mér og mínum þá hefur mér sýnst að þau úrræði sem stjórnvöld hafa verið að bjóða upp á hafi verið að gagnast fyrirtækjum, að minnsta kosti í okkar stærðarflokki, og það þýðir ekkert að vera að hugsa það að þó einhverjir séu að fá hærra upphæðir, það er bara svoleiðis. Það er spurning þegar fer að þrengja meira að hvort það þyrfti að koma óafturkræfir styrkir til þess að þrauka fram á vorið, eða allt næsta ár. Gistináttaskatturinn er ósanngjarnt lagður á, ég vill bara fá eina

krónutölu sem er rukkuð þegar þú kemur inn í landið, í staðin fyrir að rukka með allskyns afsláttum gistináttaskatt sem kemur misjafnlega niður.

Mér finnst stjórnvöld verið að bregðast vel við þessu. Orkukostnaður dregst verulega saman núna, en þetta eru samt stórir peningar, 2x fasteignagjöldin. Orkukostnaður fyrir landsbyggðina og sveitina er óþarflega mikill. Er hægt að fá þetta jafnað? Hitaveitan mun breyta miklu fyrir okkur, sem stórnotendur.

Kannski er hægt að ráðast í þetta út í sveitum, varmadælur. Við settum upp varmadælu. Við teljum að þessi 12 herbergi sem bættust við, rafmagnsreikningurinn hækkaði ekki. Það er mikill sparnaður í þessu. Þetta er kyndingin á húsinu, allt heita vatnið sem notað er og við erum með fullt af hita sem við erum að blása út í andrúmsloftið. Við settum loftskiptakerfi í nýja húsið, þar sem við dælum loftinu úr herbergjunum út, og um leið kemur inn kalt og ferskt loft sem hitað er upp og það viðheldur alveg hitanum í því húsi yfir sumarið.

Það sem hefur verið gert núna hefur virkað vel, bæði hlutabótaleiðin og uppsagnir. Það væri hægt að útfæra eitthvað meira af þeim aðgerðum, eða lengja þær aðgerðir. Og sérstaklega horfa á þessi litlu og meðalstóru fyrirtæki, sem virðast vera stór hluti af uppbyggingunni hér á þessu svæði. Flýta þessari hitaveitu. Veglagning yfir Hornafjarðarfljót, ef ríkið myndi flýta þeim framkvæmdum, það yrði gott fyrir alla. Þannig getur ríkið komið inn í ákvarðanatöku til að gera okkur samkeppnishæfar inn í framtíðina. Gistináttaskatturinn er gott dæmi um það sem hægt er að gera, einhver komugjöld í staðin. Lækka VSK fyrir ferðabjónustuna til að gera hana samkeppnishæfar við önnur lönd, til skamms tíma. Markmiðið væri þá að gera fyrirtækjum kleift að koma sterkari út úr þessu og byggja upp til framtíðar. Endurgreiðsla til fyrirtækja sem framleiða kvikmyndir, væri það góð fjárfesting til langs tíma? Að lokka kvikmyndaframleiðendur til landsins. Aðrar ríkisstofnanir: Vakinn, jöfnunarkerfi á milli stórra og lítilla fyrirtækja.

Eru jöklajeppar eitthvað að verða rafmagnsbílar? Er það hægt..

Það væri hægt að laga slóða og viðhalda þeim betur, inn að jöklum, og þá væri hægt að keyra inn að jöklum á miklu umhverfisvænni bílum. Sparnaður fyrir alla til lengri tíma litið.

Gott ef það væri hægt að hvetja þessi fyrirtæki til þess að skipta út fyrir rafmagn. Myndi líka telja inn í samfélagið.

Detur í hug að leggja einn bíl í verkefni, er hægt að breyta stórum bíl í rafmagnsbíl?

En það eru til ferjur og svoleiðis, þetta er til.. batteríin eru þung í þessu og það hamlar þessu kannski.

Með auknum innviðum þá einfaldar það tækni og byltingar, t.d. rafmagnsbílar. Auðveldara fyrir VJP að reka rafmagnsbíl með styttingu á þjóðveginum. Vegslóði inn í Þröng, ef hann er þolanlegri, þá væri hægt að reka þetta á miklu minni bílum. Sprinterar miklu hagkvæmari en ecolinerunum sem flestir eru að nota.

Ef sveitarfélögin myndu skoða hvar skattstofnanir á fyrirtækin liggja, ef við skoðum afþreyinguna. Skattstofninn er lítill þar, en það eru aðrir aðilar, veitingaaðilar eða gistiheimili sem eru með aðra snerti fleti við sveitarfélögin. Gera úttekt, hvar snerti fletirnir eru og hvort og hvernig væri hægt að létta undir með fyrirtækjum.

Áhugavert, sveitarfélagið hefur forgöngu um það að þróa slow travel menningu og mat og eitthvað. Notum tækifærið til þess að koma þessu svæði, til viðbótar að vera með jökulinn og nálægðina við þjóðgarðinn, að koma sögunni og matnum betur inn og reyna að fá þennan hæglætis ferðamennsku stimpil. Til framtíðar munu ferðalög fólks breytast þannig að í staðinn fyrir að gleypa allt landið í einum

bita og frekar dvelja lengur á sama stað og þá þurfum við að vera undir það búin að fólk dvelji lengur hjá okkur. Hafa afþreyingu sem kosta, og kosta ekki. Matur, það er spurning hvort við séum að glata niður miklum verðmætum þegar ekki er hægt að halda úti litlu slátur húsi. Borgarnes, lítil sláturhús sem er að gera góða hluti úr héraðsbundnu hráefni. Það verður aldrei rekið af einstaklingum einum og sér, heldur verkefni sem sveitarfélagið í samvinnu við einstaklinga kemur að og hefur frumkvæði að. Útvíkka jöklastíginn ekki bara sem göngustíg, heldur eitthvað meira. Í Eyjafirði er matarstígur Helga magra.

Endurskipuleggja og endurhugsa ferðaþjónusta almennt. Ætti ríkið að fara í einhverja naflaskoðun á sinni stefnu varðandi ferðamál almennt?

Í staðin fyrir gistináttaskatt að setja gjald þegar fólk kemur inn í landið, þá kannski vill fólk frekar gista á hótelum en ekki í camperum.

Störf án staðsetningar, ef til vill gæti ríkið gert meira af því að vera með tímabundin verkefni á þeim svæðum sem hafa orðið illa úti vegna ferðaþjónustuna, og komið þannig til móts við fólk sem hefur misst vinnuna.

Sveitarfélögin hafa verið að velja því fyrir sér hvernig hægt er að koma til móts við einyrkja. En við vitum ekki hvernig hægt er að nálgast þá...

Fara út í framkvæmdir sem sveitarfélagið ætlaði að gera og flýta þeim verkefnum sem þarf margar hendur til þess að vinna.

Allt verkefni fyrir karlmenn, eða hentar betur fyrir karlmenn. Það þarf að koma til móts við konur sem eru atvinnulausar.

Sniðugt að nota fjárhagáætlunar gerðina til að rýna þetta verkefni.

Rækta grænmeti eftir tæknileiðum. Það má horfa til þess hérna.

Áhugavert það sem verið var að gera í Fablab, sjálfvökvandi kerfi. Er hægt að virkja Fablab og hvetja fólk til að nýta það? Ef fólk vill bæta við sig hagnýtri menntun.

Störf án staðsetningar, langhlaup. Leigja skrifstofurými og sjáum svo til.

Ef þjóðgarðinum vantar hendur til að vinna verkefni, hægt að sækja um styrk til að greiða starfsfólki.

Væri mögulegt að ráða verkefnastjóra í það að halda utan um að aðstoða fyrirtæki að komast inn í Vakann? Störf án staðsetningar, eiga samtál og miðla jákvæðum fréttum af fólki sem hefur verið að flytja til okkar núna því það missti vinnuna, til þess að bera út jákvæðar fréttir. Jákvæðar reynslusögur.

3. Hvað teljið þið að aðrir, svo sem tryggingarfélög, bankar, veitustofnanir o.s.frv. geti gert til að aðstoða ykkar rekstur í gegnum erfiðleikana sem nú steðja að ?

- a. Hvað þarf að breytast ?
- b. Hvað hefur nýst ykkur sem aðrir svo sem bankar, tryggingarfélög og aðrir hafa boðið upp á ?
- c. Hvað finnst ykkur að vel hafi verið gert ?
- d. Hvað finnst ykkur að mætti gera betur ?
- e. Hvað má gera meira af ?
- f. Hvað má gera öðruvísi ?
- g. Hvað má gera nýtt ?

Störf án staðsetningar, samvinna við úttektarstofu í RVK varðandi úttektir fyrir Vakann?

Það hefur verið talað um að svæðið hérna sé í fararbroddi hvað varðar fyrirtæki sem hafa verið tekin út af Vakanum. Vakinn er ekki umhverfisstjórnunarkerfi, heldur gæðastjórnunarkerfi. Umhverfissvottunin sem fylgir er valkvæð.

Við fengum höfnun frá bönkunum á endurfjármögnun, að hluta til af þeirri forsenda að veðin hjá okkur voru ekki skráð og það tekur tíma að koma því í gegn.

Ég held að bankarnir ættu að reyna að vera eins sveigjanlegir og mannlegir og hægt er, svo þeir sitji hreinlega ekki uppi með eignir, bíla eða húseignir, og hjálpi fyrirtækjum í gegnum þessa tíma. Við ræddum við tryggingarnar, óhagræði að taka númerin af og svoleiðis, en það er erfitt að halda utan um það. Þetta er smá fyrirhöfn að sækja númerin og svoleiðis, þarf að vera ákveðinn fyrirvari, hægt að setja bíl á skrá með dagsfyrirvara. Það kostar um 2000 kr. að leggja inn númerin. Fyrst hefur maður samband við tryggingarnar sem færa þetta inn í kerfið hjá sér, og frumherji getur nálgast þær upplýsingar.

Við fórum í ferli að fá nýjar tryggingar í vor og fengum umtalsverða lækkun. Það skilaði sér.

Veitustofnanir, við fórum að skoða það.

Lesið mánaðarlega af, í staðin fyrir að vera með áætlun sem byggði á miklu hærri tölu. Rafmagnsreikningurinn, mikil breyting á honum.

Bankastofnun benti á að þeir væru í sérstakri stöðu, því þeir hafa ekki áhuga á að vera allt í einu eigendur að stóru eignasafni.

Ég óttast að það séu hrægammar í samfélaginu sem bíða eftir því að litlu fyrirtækin fara á hausinn. Ég veit um eitt stórt afþreyingarfyrirtæki sem er með starfsmann á sínum vegum, en hlutvert hans er að leita að fyrirtækjum sem þeir geta klófest. Ég vona að það standi allir hér af sér þetta ástand í staðin fyrir að tapa öllu í hendur á einhverjum sem hafa annað markmið en að halda uppi eðlilegu samfélagi hérna.

Geta tryggingafélög og bankar gert eitthvað til að örva viðskiptalífið? Það sitja allir í sömu súpunni ef þetta ástand verður viðvarandi.

Menn eru líka að halda að sér höndunum núna. Það er ekki tímabært að fara í auglýsingaherferðir o.fl.

Bankar og tryggingafélög, verið með sjóði fyrir nýsköpun?

Getur sveitarfélagið gert eitthvað til að fá veltu inn í samfélagið?

Auglýsingaherferðin í vor var mjög góð, búa til auglýsingu fyrir kvikmyndaframleiðendur?

Kvikmyndafyrirtæki á Íslandi eru meðvituð um okkar svæði.

Ríkið gæti farið í herferð og herjað á fyrirtæki úti í heimi.

Annað:

- Fyrirtæki á svæðinu eru jákvæð, sem er gott. Það er enginn að fara að gefast upp.
- Kínverski innanlandsmarkaðurinn er í blóma
- Íslands vakti eftirtekt á ferðaráðstefnu
- Efins um strangar reglur um að loka fólk af á milli skimana við landamæri. Verður a.m.k. til 1.des
- COVID pakki? Gisting hjá mér í sóttkví, og svo ferðir upp á jökul?

- Íslendingar sem fara út yfir jól, væri hægt að herja á þann markað?
 - Matur, gisting ofl.
- Getur sveitarfélagið auglýst fyrir jól? Ef smitum fækkar, en er hægt að auglýsa fyrirtæki á svæðinu fyrir jólin?
- Auglýsa „árshátíðarferðir“ í sýsluna; gisting, matur og afþreying fyrir litla og meðalstóra hópa.
 - Bændasamtökin hafa gert svona.
 - Hvernig leysum við það með starfsfólk?
 - Starfsfólk á bótum getur skráð inn þá vinnu sem það hleypur í.
 - Hótel og veitingastaðir þurfa að vera opnir á þessum tíma?

Aðalatriði:

- Flýta veglagningu yfir hornafjarðarfljóti
- Störf án staðsetningar: fá verkefnastjóra frá einhverju úttektarfyrirtæki sem getur tekið út fyrirtæki á SA og A landi (VAKINN)
- Auglýsingaherferð:
 - Árshátíðarferðir fyrir fyrirtæki, gisting, matur og afþreying.

Viðaukar

Spurningalisti vinnufundaris

1. Hvað hafið þið sem einstaklingar og fyrirtækjaeigendur reynt að gera til að tryggja afkomu ykkar fyrirtækis og framtíðarstörf ?
 - a. Hvað er hægt að gera ?
 - b. Í svörum við spurningakönnun sem lögð var fyrir ferðapjónustuaðila í aðdraganda þessa fundar var minnst á að auka gæði þjónustu á svæðinu og auka á samstarf og samstöðu.
 - i. Hvað felst í því, hvernig er það gert, hver á að gera það.
 - ii. Hvernig verðum við sterkari sem heild ?

2. Hvað teljið þið að opinberir aðilar svo sem Ríki, Sveitarfélög og aðrar ríkisstofnanir geti gert til að aðstoða ykkar rekstur í gegnum erfiðleikana sem nú steðja að ?
 - a. Hvað þarf að breytast ?
 - b. Hvað hefur nýst ykkur sem stjórnvöld hafa boðið upp á ?
 - c. Hvað finnst ykkur að vel hafi verið gert ?
 - d. Hvað finnst ykkur að mætti gera betur ?
 - e. Hvað má gera meira af ?
 - f. Hvað má gera öðruvísi ?
 - g. Hvað má gera nýtt ?

3. Hvað teljið þið að aðrir, svo sem tryggingarfélög, bankar, veitustofnanir o.s.frv. geti gert til að aðstoða ykkar rekstur í gegnum erfiðleikana sem nú steðja að ?
 - a. Hvað þarf að breytast ?
 - b. Hvað hefur nýst ykkur sem aðrir svo sem bankar, tryggingarfélög og aðrir hafa boðið upp á ?
 - c. Hvað finnst ykkur að vel hafi verið gert ?
 - d. Hvað finnst ykkur að mætti gera betur ?
 - e. Hvað má gera meira af ?
 - f. Hvað má gera öðruvísi ?
 - g. Hvað má gera nýtt ?

Fyrsta fundarboð á vinnufund

Komið þið sæl

Þakka ykkur öllum fyrir að hafa tekið ykkur tíma til að svara spurningakönnunni í september.

Í september s.l. hafði Ferðamálafélag Austur - Skaftafellssýslu (FASK) frumkvæði að boða til vinnufundar meðal ferðapjónustuaðila á starfssvæði FASK. Vinnufundinum var ætlað að skila tillögum (hugmyndum) að lausnum sem aðilar geta gripið til, til að draga úr neikvæðum áhrifum heimsfaraldurs Covid 19 á fyrirtæki, fjölskyldur og tekjur SVH.

Nú liggja fyrir niðurstöður ásamt samantekt og greinargerð á þeim sem sendar eru með í viðhengi. Óski einhverjir eftir að fá grunn gögn má senda tölvupóst á faskstjorn@gmail.com

Vegna strangari reglna útaf Covid faraldrinum, ákváðu skipuleggjendur að vinnufundinum, FASK og Nýheimar Þekkingarsetur að **boða til rafræns vinnufundar 22 október n.k milli kl 13:30 – 15:30**

Við biðjum þig því að skrá þig á vinnufundinn fyrir þriðjudaginn 20 október með því að senda tölvupóst á sandra@nyheimar.is og tilkynna þátttöku.

Á þriðjudag/miðvikudag verður sendur út linkur á þátttakendur sem ætla að taka þátt í fundinum. Mikilvægt er að skrá sig tímanlega á fundinn svo skipulag gangi sem best fyrir sig.

Settar verða upp nokkrar fundargáttir þar sem 4 - 5 þátttakendur verða í hverri fundargátt og ræða málin og svara neðangreindum þrem spurningum. Gert er ráð fyrir að um 30 mín taki að svara hverri megin spurningu. Að því loknu mun Ásta Kristín Framkvæmdastjóri Íslenska Ferðaklasans ljúka fundinum með hvatningar orðum.

Hér að neðan sjáið þið þrjár megin spurningar sem reynt verður að afla mismunandi svara við og fá fram sjónarmið og hugmyndir þátttakenda við hverri þeirra. Spurningar sem birtast fyrir neðan megin spurningar eru til þess að vekja fólk til umhugsunar fyrir vinnufundinn sjálfan.

Athygli er vakin á því að allir eru velkomnir að taka þátt í vinnufundinum, þó svo þeir aðilar svöruðu ekki spurningarkönnuninni.

1. Hvað hafið þið sem einstaklingar og fyrirtækjæigendur reynt að gera til að tryggja afkomu ykkar félags og framtíðar störf ?

Hvað er hægt að gera ? Hvað hafið þið gert ? Hvað hef ég gert ? Talað var um að auka gæði þjónustu á svæðinu og auka á samstarf og samstöðu, hvað felst í því, hvernig er það gert, hver á að gera það. Hvernig verðum við sterkari sem heild ?

2. Hvað teljið þið að opinberir aðilar svo sem Ríki, Sveitarfélög og aðrar ríkisstofnanir geti gert til að aðstoða ykkar rekstur í gegnum erfiðleikana sem nú steðja að ?

Hvað þarf að breytast ? Hvað hefur nýst ykkur sem stjórnvöld hafa boðið upp á ? Hvað finnst ykkur að vel hafi verið gert ? Hvað finnst ykkur að mætti gera betur ? Hvað má gera meira af ? Hvað má gera öðruvísi ? Hvað má gera nýtt ?

3. Hvað teljið þið að aðrir, svo sem tryggingarfélag, bankar, veitustofnanir o.s.frv. geti gert til að aðstoða ykkar rekstur í gegnum erfiðleikana sem nú steðja að ?

Hvað þarf að breytast ? Hvað hefur nýst ykkur sem aðrir svo sem bankar, tryggingarfélag og aðrir hafa boðið upp á ? Hvað finnst ykkur að vel hafi verið gert ? Hvað finnst ykkur að mætti gera betur ? Hvað má gera meira af ? Hvað má gera öðruvísi ? Hvað má gera nýtt ?

Stjórn FASK vill þakka Sveitarfélagi Hornafjarðar fyrir veittan stuðning og þekkingarsetri Nýheima fyrir greinargóða vinnu. Ennfremur vill stjórn FASK þakka sérstaklega öllum þeim sem tóku frá tíma til að svara spurningakönnuninni

Með kveðju

Stjórn FASK

Upplýsingar til þátttakenda

Sæl verið ferðabjónustuaðilar í Sveitarfélaginu Hornafirði,

Takk fyrir skráningu ykkar á vinnufund Ferðamálafélags Austur-Skaftafellssýslu. Eins og þið vitið þurftum við að fresta skipulögðum fundi sem áætlaður var í upphafi mánaðarins en hann verður nú haldinn á rafrænu formi n.k. fimmtudag kl.13.30.

Fyrirkomulagið verður þannig að ykkur verður handahófskennt skipt niður í hópa og fáið sendan hlekk á fimmtudagsmorgun sem veitir ykkur aðgang að ykkar hópi. Innan hvers hóps verður einn hópstjóri sem mun leggja fyrir ykkur spurningar og stýra umræðum. Þið fáið upplýsingar um hver ykkar hópstjóri verður þegar þið fáið hlekkinn sendan á fimmtudagsmorgun.

Spurningarnar voru mótaðar af stjórnarmeðlimum FASK en því miður verður ekki unnt að hafa sameiginlegar umræður í lok fundar um niðurstöður hópavinnunnar þar sem allir fundarmeðlimir taka þátt. Í staðinn verða niðurstöður umræðna teknar saman í eitt skjal að fundi loknum. FASK mun sjá um að koma þeim á framfæri líkt og gert var með niðurstöður spurningakönnunarinnar sem mörg ykkar svöruðu í lok síðasta mánaðar.

Þið megið endilega hafa samband ef einhverjar spurningar vakna um framkvæmd fundarins en annars heyrumst við á fimmtudagsmorgun þegar ykkur verður sendur hlekkur á vinnufundinn ásamt upplýsingum um hópstjóran ykkar.

Bestu kveðjur

Sandra Björg

Verkefnastjóri Nýheima Þekkingarseturs

Upplýsingar um innskráningu á fund

Sæl verið þið,

Þá er komið að vinnufundi Ferðamálafélags Austur-Skaftafellssýslu en fundurinn hefst kl. 13.30 í dag.

Nú er búið að skipta ykkur í hópa og eru 5-6 einstaklingar í hverjum hópi. Hópstjórinn í þínum hópi er XX og mun hann/hún stýra umræðunum og leiða ykkur í gegnum spurningarnar. Stjórn FASK hefur lagt fram 3 spurningar sem unnið verður út frá og eru áætlaðar 30 mínútur í hverja spurningu.

Til þess að skrá sig inn á fundinn er auðveldast að ýta á hlekkinn hér neðst í tölvupóstinum þar sem stendur „Join Microsoft Teams Meeting“. Umræður hefjast stundvíslega kl.13.30 og því er ráðlagt að gefa sér a.m.k. 2-3 mínútur til þess að opna hlekkinn og skrá sig inn á fundinn. Þannig gefst smá tími til að leysa úr tæknimálum, ef einhver koma upp, áður en fundurinn hefst.

Við biðjum ykkur að taka virkan þátt í fundinum og hafa kveikt á vefmyndavél og hljóði allan tímann en það eru forsendurnar fyrir að vinnufundurinn skili árangri.

Vinsamlegast athugið að það er ekki ætlast til þess að þið deilið hlekknum áfram til annarra. Um er að ræða hópavinnu þar sem fjöldi einstaklinga í hverjum hópi er fyrirfram ákveðinn. Ef einhver leitar til ykkar og lýsir yfir áhuga að mæta á fundinn en hefur ekki skráð sig þá megið þið benda viðkomandi á að hafa samband við mig á netfangið sandra@nyheimar.is

Bestu kveðjur

Sandra Björg

Verkefnastjóri Nýheima Þekkingarseturs